

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (réttur barna til dvalarleyfis).

Flm.: Hanna Katrín Friðriksson, Jón Steindór Valdimarsson,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Þorsteinn Víglundsson.

1. gr.

1. mgr. 71. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veita barni yngra en 18 ára dvalarleyfi ef foreldri þess hefur dvalarleyfi á grundvelli 58., 61.–63., 65.–67., 70., 73.–76. eða 78. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2018.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 147. löggjafarþingi (25. mál) en hlaut ekki afgreiðslu.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að styrkja rétt barna sem eiga foreldra frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins til að fylgja foreldrum sínum til Íslands.

Samkvæmt gildandi lögum um útlendinga, nr. 80/2016, er heimilt að gefa út dvalarleyfi fyrir börn ef foreldrar hafa dvalarleyfi á grundvelli 58. gr. (ótímabundið leyfi), 61. gr. (sérfræðingar), 63. gr. (iþróttafolk), 70. gr. (hjúskapur eða sambúð), 73. gr. (alþjóðleg vernd), 74. gr. (mannúðarsjónarmið) eða 78. gr. (sérstök tengsl við landið).

Að mati flutningsmanna ættu fleiri flokkar dvalarleyfa að falla undir ákvæðið og veita rétt til fjölskyldusameiningar þegar um er að ræða börn yngri en 18 ára enda geta eftirfarandi dvalarleyfi gjarnan verið undanfari lengri dvalar.

Í fyrsta lagi er lagt til að dvalarleyfi vegna tímabundins skorts á starfsfólki (62. gr.) veiti framvegis rétt til að börn fylgi foreldrum sínum til landsins. Um er að ræða dvalarleyfi sem má veita í allt að 2 ár nema um sé að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd sem tekur lengri tíma. Rétt er að geta þess að allt frá gildistöku laganna árið 2016 hefur umrætt dvalarleyfi mátt vera grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis líkt og ákvæði 61., 63., 73., 74. og 78. gr. sem talin eru upp í 71. gr. laga um útlendinga. Ólíkt þeim ákvæðum er þó ekki heimilt að veita barni leyfi til dvalar ef dvalarleyfi foreldris er á grundvelli 62. gr. laganna.

Í öðru lagi er lagt til að dvalarleyfi vegna náms (65. gr.) veiti jafnframt barni heimild til dvalar, án undantekninga. Núgildandi lög kveða á um að aðeins námsmenn sem stunda framhaldsnám á háskólastigi, doktorsnám og rannsóknir hér á landi á grundvelli 65. gr. eigi rétt á fjölskyldusameiningu. Það verður ekki séð hver nauðsyn þess er að undanskilja börn námsmanna í grunnnámi og láta foreldra þeirra velja milli þess að sleppa því að koma eða skilja þau eftir í umsjá annarra.

Í þriðja lagi þykja svipuð rök hníga að því að leyfa barni að fylgja foreldri þegar um er að

ræða dvalarleyfi á grundvelli sammings við önnur ríki (66. gr.). Hér er um að ræða dvalarleyfi sem veitt eru ungu fólki á aldrinum 18–26 ára til að koma til Íslands og kynnast landi og menningu. Afleiðing gildandi laga er að ungir foreldrar og t.d. einstæðir foreldrar geta ekki nýtt sér umræddan dvalarleyfisflokk.

Loks er lagt til að dvalarleyfi vegna trúboða og sjálfboðaliða (67. gr.) veiti einnig rétt samkvæmt framangreindu sem og dvalarleyfi fyrir hugsanleg fórnarlömb mansals (75. gr.) og dvalarleyfi fyrir fórnarlömb mansals (76. gr.).

Verði frumvarpið að lögum er áfram gert ráð fyrir að dvalarleyfi sérhæfðra starfsmanna á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga (64. gr.), dvalarleyfi vegna vistráðningar (68. gr.) sem og dvalarleyfi vegna sérstaks og lögmæts tilgangs (79. gr.) eða bráðabirgðaleyfi (77. gr.) veiti börnum foreldra með slík leyfi ekki rétt til að fylgja foreldrum sínum til landsins. Þar er í flestum tilfellum um að ræða leyfi sem sannarlega eru ætluð til tímabundinnar dvalar. Vel má þó vera að þau rök sem lúta að réttindum barna eigi einnig við í þeim tilfellum, hins vegar þykja þær breytingar sem hér eru lagðar til ganga hæfilega langt.